

Fjarskiptalóðir við Kleif í Súgandafirði

Til : Bygg
Frá : Gautur Þorsteinsson <gautur@vbv.is>
CC : Sigurbjörn Óskar Guðmundsson <sigurbjorn@vodafone.is>; Gísli Arnar Gunnarsson <Gisli.Arnar.Gunnarsson@ruv.is>
Heiti : Fjarskiptalóðir við Kleif í Súgandafirði
Málsnúmer : 2021110073
Málsaðili : Sýn hf.
Skráð dags : 16.11.2021 14:01:06
Höfundur : Gautur Þorsteinsson <gautur@vbv.is>

Viðhengi [Kleif-lóðablað.pdf](#)[Kleif-lóðablað.pdf](#)
[image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Sæll Axel.

Meðfylgjandi er tillaga að lóðablaði fyrir tvær fjarskiptalóðir við Kleif í Súgandafirði. Lóðirnar eru að því að ég tel, úr landi Suðureyrar L205495, sem er í eigu Ísafjarðarbæjar og eru hvor um sig 100 m² að flatarmáli. Þarna hafa lengi staðið fjarskiptamannvirki sem veita íbúum í Súgandafirði útvarps-, sjónvarps- og farsímaþjónustu. Mannvirkin eru tækjahús og fjarskiptamastur Ríkisútvarpsins (RÚV) og tækjaskýli Sýnar hf. Sýn nýtir eigið tækjahús fyrir tækjabúnað sinn og leigir aðstöðu af RÚV fyrir loftnet vegna þjónustu sinnar. Vegna samvinnu fjarskiptafélaga veita önnur fjarskiptafélög einnig þjónustu frá núverandi mannvirkjum. Góð sátt er um þessa tilhögun og eru þessi mannvirki nægileg fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Tilgangur lóðastofnunarinnar er að tryggja réttindi fjarskiptafélaganna til starfsemi sinnar á þessum stað. Ég geri ráð fyrir því að eignarhaldið verði á höndum Ísafjarðarbæjar, sem leigi fjarskiptafélagunum lóðirnar til fjarskiptareksturs til langs tíma. Mannvirki RÚV eru öll á fjarskiptalóð 1 og mannvirki Sýnar hf eru á fjarskiptalóð 2. Aðkoma að lóðunum er sameiginleg. Þar sem mannvirkin og lóðirnar falla innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar verður leitað eftir samþykki Vegagerðarinnar við þessari lóðastofnun.

Fulltrúar RÚV og Sýnar hafa samþykkt þessa útfærslu og legg ég hana því fram í nafni þeirra beggja. Markmiðið er að tryggja umgjörð fjarskiptaþjónustu fyrir íbúa á Súgandafirði. Ekki er gert ráð fyrir breytingum eða viðbótum á mannvirkjum að öðru leyti en því að loftnetum kann að verða bætt við eða skipt út í mastrinu

Ég vona að yfirvöld samþykki þessa beiðni enda er markmið starfseminnar þjónusta við íbúa í sveitarfélaginu og gesti þess. Ég er reiðubúinn að veita frekari upplýsingar ef óskað er.

Með kveðju,

Gautur Þorsteinsson



VBV ehf.
Verkfræðistofa
Bjarna Viðarssonar ehf.

Sími: 588 6288
GSM: 620 4669
gautur@vbv.is www.vbv.is

